SAMORKA

Samorka eru samtök orku- og veitufyrirtækja á Íslandi. Innan samtakanna starfa fráveitur, hitaveitur, vatnsveitur, raforku– framleiðendur, raforkusalar og flutnings- og dreifingaraðilar raforku

Reykjavík, 3. október 2017

Forsætisráðuneytið
Páll Þórhallsson skrifstofustjóri
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um skattlagningu auðlindarentu vegna raforkuvinnslu og drög að reglugerð um meðferð og nýtingu þjóðlendna.

Í kjölfar breytinga á raforkulöggjöfinni og aðgreiningar milli sérleyfisstarfsemi og samkeppnisstarfsemi hefur umræðan um nauðsyn þess að koma á gjaldtöku fyrir auðlindanýtingu orðið enn áleitnari og ýmsar skýrslur skrifaðar um málefnið. Við bætist ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um að þar sem ekki sé nægilega tryggt að framleiðslufyrirtækin greiði hæfilegt auðlindagjald kunni það að fela í sér óheimila ríkisaðstoð.

Verkefni löggjafans sé því að tryggja að úthlutun og endurnýjun leyfa til auðlinda nýtingarinnar byggi á fyrirfram ákveðnum skilmálum þar sem gagnsæi og jafnræði sé tryggt. Þetta felur jafnframt í sér að tryggja þarf að úthlutunin og endurúthlutun byggi á markaðsforsendum, þ.e. að aðilum á markaði gefist kostur á því að bjóða í nýtinguna.

SAMORKA er sammála því að nauðsynlegt er að endurskoða laga og reglugerðar umgjörðina við úthlutun leyfa til auðlindanýtingar og þar með að skilmálar taki mið af framangreindum grunnkörfum um réttláta stjórnsýslu. Að sama skapi er eðlilegt að reglur um úthlutunina gefi öllum þeim sem uppfylla lögmæt skilyrði fyrir þátttöku í útboðsferli kost á því að bjóða í viðkomandi auðlindanýtingu.

Sé litið til skýrslu starfshóps um nýtingu náttúruauðlinda á opinberu forræði við raforkuframleiðslu er ljóst að fjölmörg álita efni rísa þegar kemur að mati á leiðum að þeim markmiðum sem að er stefnt. Sama má sjá af umfjöllun fjölmargra annarra um málið. Þannig þarf að hafa í huga heildarumhverfi skattlagningar og þar með nýlegar breytingar í þeim efnum sem og hugmyndir sem fela í sér enn frekar skattheimtu. Hér er þá vísað til þess að tryggja þarf að samspil skattheimtu og innheimtu auðlindagjalda sé eðlilegt og hafi ekki neikvæð áhrif á samkeppnisstöðu Íslands og íslenskra raforkuframleiðenda. Mikilvægt er því að hafa í huga að viðurkennt er að skilaleiðir arðs af orkuauðlindinni geti verið margar.

Að sama skapi er áréttað að í fyrrnefndri skýrslu er fjallað um auðlindagjöld ýmissa ríkja Evrópu og þar kemur fram að farnar eru ólíkar leiðir við ákvöruð gjaldanna. Því er ljóst að breytileikinn er nokkur og mikilvægt að farið sé varlega í sakirnar ekki síst með sérstöðu íslenska markaðarins í huga.

Ef frá eru taldar smávirkjanir bænda eru það fyrst og fremst opinberir aðilar, ríki og sveitarfélög, sem hafa staðið að uppbyggingu á raforkuframleiðslu í Íslandi. Í upphafi laut framleiðslan að því að tryggja rafmagn til almennra heimilisnota, þá hefðbundins iðnaðar en síðar fór hlutur stóriðjunnar í uppbyggingu raforkframleiðslunar að vega æ þyngra. Þessi hluti sögunnar minnir okkur á að útflutningur á þessari sérstöku vöru sem rafmagnið er, er ætíð háður því að hún verði hluti af annarri vöru sem framleidd er til útflutnings. Þessi sérstaða gerir það að verkum að framleiðendur á Íslandi eiga þess ekki kost flytja rafmangið beint út til annarra landa eins og á við um flesta raforkuframleiðendur í Evrópu. Því þarf að tryggja að breytt lagaumhverfi raski ekki samkeppnisstöðu landsins í heild sinni en að sama skapi er eðlilegt að hún skerpi samkeppnisstöðu framleiðenda á innlendum markaði ekki síst við úthlutun takmarkaðra auðlinda í eigu hins opinbera.

Sé litið til sögulegra þátta og þar með hvernig haga skuli gjaldtöku af þegar byggðum virkjunum koma upp ýmiss álita efni sem snert geta framleiðendur með mismunandi hætti. Í sögulegu samhengi er ljóst að forsendur fjárfestingaverkefna og þar með arðsemiskröfur eru mismunandi í mörgum stórum virkjunarframkvæmdum sem hafa í raun verið hluti af mjög stórum alþjóðlegum fjárfestingarverkefnum þar sem byggt er á langtímasamningum um orkusöluna. Mörg þessara verkefna hafa þannig verið hluti af markaðsetningu á tækifærum á Íslandi fyrir erlenda fjárfesta og ívilnunarsamningum opinberra aðila, þ.e. ríkisins og eftir atvikum sveitarfélaganna. Mikilvægt er að tekið sé tillit til þessara þátta eftir því sem svigrúm er til og þá eftir atvikum hæfileg sólarlagsákvæði við val á leiðum að settum markmiðum.

Hér þarf einnig að hafa í huga þá stefnumörkun sem þegar liggur fyrir í núverandi lagasetningu að auðlindirnar séu í þjóðareigu og óheimilt er að afsala þeim sjálfum í þágu orkunýtingar heldur einungis að úthluta nýtingarleyfum.

Í umræðum um auðlindarentu og auðlindagjald þarf jafnframt að hafa í huga þá sérstöðu að nokkur raforkuver sem framleiða rafmagn með jarðhitagufu framleiða jafnframt heitt vatn í þágu hitaveitna sem þjóna stórum hluta þjóðarinnar í sérleyfisstarfsemi. Mikilvægt er að gjaldtaka á grundvelli samkeppnissjónarmiða hafi ekki neikvæði áhrif á verðlagningu þjónustunnar í sérleyfissstarfseminni þar sem önnur sjónarmið og aðferðarfræði eru upp í neytendaverndinni. Jafnframt þarf að hafa í huga að margar hitaveitur byggja jarhitanýtingu sína á samningum um auðlindir í einkaeigu. Því er mikilvægt að auðlindagjöld séu bundin við auðlindir í eigu opinberra aðila en skattheimta gagnvart einkaaðilum byggi á tekjuskatti af þeim tekjum sem þeir kunna að hafa af auðlindinni. Verður enda að gera ráð fyrir að ráðstöfun auðlinda í einka eigu eða samningar um nýtingu þeirra byggi á samkeppnisgrunni.

Ljóst er að fyrirhuguð lagaumgjörð orkufyrirtækja er fyrst og fremst til komin til þess að tryggja að nýting auðlinda í opinberri eigu sé ekki ígildi ríkisaðstoðar og sé þar með til þess fallin að gefa íslenskum orkufyrirtækjum forskot gagnvart öðrum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Um leið felur lagaumgjörðin í sér mikilvæga stefnumörkun til framtíðar fyrir íslensk orkufyrirtæki og því afar brýnt að varlega sé stigið til jarðar þannig að gjaldtakan raski ekki samkeppnisstöðu þeirra í alþjóðlegu samhengi. Á þetta ekki síst við um þau árlegugjöld sem tengd eru rekstri fyrirtækjanna enda verði á móti gert ráð fyrir að fyrirtækin keppi á jafnréttisgrunni um nýtingarheimildir sjálfar.


SAMORKA

Samorka eru samtök orku- og veitufyrirtækja á Íslandi. Innan samtakanna starfa fráveitur, hitaveitur, vatnsveitur, raforku– framleiðendur, raforkusalar og flutnings- og dreifingaraðilar raforku

Um leið og SAMORKA þakkar þetta tækifæri til þess að koma að umsögn um málið, viljum við árétta að fá að gera það áfram í ferli málsins innan stjórnsýslunar og fyrir Alþingi.

Að öðru leyti vísar SAMORKA til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja.

Virðingarfyllst,



Páll Erland,
framkvæmdastjóri